**Námsáætlun fyrir Bræðing - 9. bekkur**
**skólaárið 2024 - 2025**

**Kennari:** Bára Kristín Þórisdóttir, Karolina, Jóhanna Pálsdóttir, María Sigurðardóttir og Sara Ross.
**Tímafjöldi:** 10 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Vitadagar** | <u>Samfélagsgreinar</u><br>• Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf.<br>• Rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.<br>• Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill. | Umræður.<br>Verkefnavinna. | Þátttaka í umræðum og tímavinnu.<br>Nemendur unnu að samfélagsverkefni að eigin vali. |
| **Umhverfismennt** | <u>Náttúrugreinar</u><br>• Greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess.<br>• Tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöður af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag.<br>• Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur til umbóta.<br>• Tekið þátt í aðgerðum sem fela í sér úrbætur í umhverfinu.<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að upplýsingum sé miðlað á skýran hátt.<br>• Greint stöðu umhverfismála á heimsvísu og aðdraganda þess.<br>• Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu.<br>• Gert sér grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun. | Fræðsla um nokkra þætti mengunar á jörðinni á ensku.<br>Umræður og verkefnavinna eftir hvern þátt.<br>Nemendur vinna svo með valin hugtök úr lotunni á íslensku og ensku og búa til leik eða spil fyrir kappsmál Gerðaskóla.<br>Nemendur vinna einnig hópverkefni þar sem þau kynna lausn þeirra á mengunarvanda. | Umræðupunktar.<br>Hugtakavinna.<br>Hópverkefni: spil/leikur.<br>Hópverkefni: kynning á eigin hugmynd að lausn á mengunarvanda.<br>Sjálfsmat.<br>Jafningjarmat. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Gert grein fyrir þeim áhrifum sem framleiðsla, flutningur og förgun efna hefur á umhverfið og lífsskilyrði manna.<br>• Útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.<br>• Gert sér grein fyrir umhverfismálum frá ólíkum sjónarhornum.<br>• Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.<br>• Greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni.<br>• Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum.<br>• Gert sér grein fyrir því hvernig maðurinn og náttúran hafa áhrif hvert á annað og greint frá atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis.<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi forvarna, sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara.<br>• Gert sér grein fyrir mikilvægi hringrás efna og flæði orku í náttúrunni.<br>• Kannað áreiðanleika heimilda.<br><u>Enska</u><br>• Getur án vandkvæða fylgst með og skilið almennar upplýsingar og fyrirmæli í fjöl- og myndmiðlum.<br>• Lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim.<br>• Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.<br>• Unnið í samstarfi við aðra og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.<br>• Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.<br><u>Lykilhæfni</u> | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.<br>• Sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.<br>• Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi.<br><u>ÍSamfélagsgreinar</u><br>• Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.<br>• Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður<br>• Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>• Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun | | |
| **Fornsaga** | <u>Íslenska</u><br>• Lesið gamlar bókmenntir og gert sér grein fyrir helstu einkennum Íslendingasagna.<br>• Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.<br>• Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br>• Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi.<br><u>Upplýsinga- og tæknimennt</u><br>• Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.<br>• Nýtt hugbúnað/forrit við hljóðvinnslu og gerð myndbanda. | Lesin verður Gísla saga Súrsonar. Unnin verða einstaklingsverkefni jafnt og þétt á meðan lestri stendur. Unnið verður með tímalínu, ættartré og persónulýsingar úr sögunni. Einnig verður útbúið handrit ásamt stuttmynd | Verkefnamappa með ýmsum einstaklingsverkefnum. Einstaklingsverkefni þar sem unnið verður handrit og stuttmynd úr atriði úr sögunni. Nemendur gera svo sjálfsmat við lok lotunnar. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Alþingiskosning** | • Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.<br>• Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmál, atvinnulíf og hugmyndastefnur.<br>• Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.<br>• Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.<br>• Greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.<br>• Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.<br>• Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.<br>• Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.<br>• Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill. | Nemendur fá fræðslu í stjórnmálafræði. Farið verður yfir mikilvægi kosninga og kosningarrétts, störf alþingismanna, alþingis og málefni hvers flokkst sem er í framboði. Nemendur vinna svo hópverkefni og stofna sinn eiginn stjórnmálaflokk, kynna hann og kjósa svo um hvaða flokk þau teldu sá frambærilegastur til að stjórna landinu.<br>Einnig munu nemendur taka þátt í skuggakosningum í aðdraganda alþingiskosningar Íslands. | Hópverkefni þar sem nemdndur stofna sinn eiginn flokk og kynna hann á framboðsfundi. |
| **Jólalota** | <u>Samfélagsgreinar</u><br>• Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.<br>• Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>• Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga. | Það fer fram fræðsla um kristna trú og unnin verkefni sem tengjast henni. | Hópverkefni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.<br>• Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.<br>• Greint áhrif Biblíunnar og helgirita annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög.<br>• Útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.<br><u>List- og verkgreinar</u> | | |
| **Heimstyrjaldir** | <u>Samfélagasgreinar</u><br>• Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust, ábyrgð og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.<br>• Undirbúið og kynnt fyrir öðrum verkefni sín og skoðanir með markvissum og áhrifaríkum hætti.<br>• Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.<br>• Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.<br>• Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.<br>• Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.<br>• Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.<br>• Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni. | | Umræðupunktar.<br>Hugtakavinna.<br>Hópverkefni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | <u>Íslenska</u><br>• Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess.<br>• Valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um<br>• Ritað texta á þann hátt sem hæfir efni, geta dregið út aðalatriði og endursagt efni í ræðu og riti.<br>• Geti aflað áreiðanlegra upplýsinga og heimilda um ákveðið efni og sagt frá með eigin orðum.<br><u>Upplýsinga- og tæknimennt</u><br>• Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.<br>• Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang<br>• Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.<br>• Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna. | | |
| **Alheimurinn** | <u>Náttúrugreinar</u><br>• Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum.<br>• Lesið texta um náttúrfræði sér til gagns og umorðað hann.<br>• Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.<br>• Kannað áreiðanleika heimilda.<br>• Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr heimildum. | | Umræðupunktar.<br>Hugtakavinna.<br>Einstaklingsverkefni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Gert grein fyrir stöðu jarðar í himingeimnum og áhrifum hennar á líf á jörðu.<br>• Rætt um notkun gervihnatta í samskiptum manna, rannsóknir og álitamál þeim tengdum.<br><u>Enska</u><br>• Lesið bókmennta- og fræðitexta sér til gagns og ánægju.<br>• Lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim. | | |
| **Árshátíðarlota** | <u>Samfélagsgreinar</u><br><u>Listgreinar</u><br><u>Verkgreinar</u><br><u>Upplýsinga- og tæknimennt</u><br>• | | Hópverkefni |
| **Vefsíða** | <u>Upplýsinga- og tæknimennt</u><br><u>Lykilhæfni</u><br><u>Þau hæfniviðmið sem nemandinn velur að endurvinna</u><br>• | Nemandi útbýr vefsíðu um bræðingsverkefnin sín og velur sér þá lotu og verkefni sem hann vill fá að endurgera. | Vefsíðugerð.<br>Verkefni að eigin vali.<br>Einstaklingsverkefni. |

**Námsgögn:** Unnið er í samþættingu við námsgreinarnar íslensku, ensku, náttúrugreinar, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt, list- og verkgreinar og lykilhæfni.
Náttúrugreinar: Maður og náttúra, Eðlisfræði 2.
Íslenska: Gísla saga Súrssonar, Árnastofnun, snara.
Samfélagsfræði: Styrjaldir og kreppa
Enska:
Einnig er unnið með ýmis myndbönd, vefsíður, fræðslumyndir og greinar af vefnum.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi jafnt og þétt yfir skólaárið með hæfnieinkunn. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D sem lokamat á námsgreininni.